

GAMMA Capital Management hf.

Ársreikningur 2022

GAMMA Capital Management hf.
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
Kt. 530608-0690

Efnisyfirlit

	Bls.		
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3	Sjóðstreymisyfirlit	9
Áritun óháðs endurskoðanda	5	Skýringar	10
Rekstrarreikningur	7		
Efnahagsreikningur	8		

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur GAMMA Capital Management hf. (hér eftir GAMMA eða félagið) er að annast rekstur sérhæfðra sjóða í samræmi við lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Ársreikningur félagsins er í samræmi við lög um ársreikninga, lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og reglur um ársreikninga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingasjóða. Ársreikningur GAMMA er hluti af samstæðu Kvikubanka hf. Félagið starfar sem sjálfstæður rekstraraðili sérhæfðra sjóða og er meirihluti stjórnar félagsins óháður Kvikubanka hf.

Í lok árs 2022 voru sjö sérhæfðir sjóðir í rekstri hjá félaginu. Eignir í stýringu í árslok námu um 3,8 ma.kr. (2021: 27,5 ma.kr.) Á árinu var rekstur fjögurra sérhæfðra sjóða fluttur úr rekstri félagsins yfir til annars rekstrarfélags innan samstæðu Kvikubanka hf. og tveimur sjóðum var slitið.

Á árinu starfaði að meðaltali 1 starfsmaður hjá félaginu. Í árslok voru tveir starfsmenn í samtals hálfu starfi. Vísað er í skýringu 2 um laun stjórnar og framkvæmdastjóra.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu 2022 að fjárhæð 25,8 millj.kr. samkvæmt niðurstöðu rekstrarreiknings. Eigið fé félagsins í árslok nam 966 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárlutfall félagsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, var 113,7% en þetta hlutfall má ekki vera lægra en 8,0%. Eftir lok reikningsskiladags, á fyrsta fjórðungi 2023, greiddi félagið út arð að fjárhæð 380 millj.kr. Að öðru leyti leggur stjórn félagsins til að hagnaður ársins verði yfirfærður til næsta árs og vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Á árinu 2022 höfðu COVID-19 faraldurinn og stríðsátök í Úkraínu veruleg áhrif á fjármála- og eignamarkaði. Framangreindir atburðir höfðu ekki, að mati stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins, áhrif á rekstrargrundvöll félagsins eða sjóða í stýringu þess. Framangreindir atburðir hafa þó haft áhrif á virði ákveðinna eigna sjóða í rekstri félagsins, einkum til lækkunar á virði eignarhluta sjóðsins GAMMA: Anglia í fasteignatengdum þróunarverkefnum í Bretlandi, sem sjóðurinn fjárfesti í áður en framangreindir atburðir hófust.

Áhættustýring og eftirlit

GAMMA Capital Management hf. lýtur opinberu eftirliti FME samkvæmt lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Virk áhættustýring og innra eftirlit eru mikilvægir þættir í rekstri félagsins og eru mögulegir áhættuþættir greindir með skipulögðum hætti og markvist er unnið að því að treysta alla umgjörð félagsins. Áhættustjóri félagsins sér um upplýsingagjöf til starfsmanna, stjórnenda, stjórnar og eftirlitsaðila. Regluvörslu og innri endurskoðun félagsins er útvistað með sérstökum samningi við Kvikubanka hf. með leyfi FME. Reglulegar skýrslur eftirlitseininga eru lagðar fyrir stjórn til skoðunar. Endurskoðendur félagsins eru kosnir á aðalfundi og er Deloitte ehf. endurskoðunarfélag GAMMA Capital Management hf.

Hlutfé

Útgefið hlutfé félagsins í lok tímabilsins nam 31,6 millj. kr. og skiptist á tvo hluthafa eins og í ársbyrjun. Eignarhlutir í lok tímabilsins greinast þannig:

	Hlutir
Kvika banki hf	31.658.671
M-investments ehf	1
GAMMA Capital Management hf., eigin hlutir	0
Samtals útgefið hlutfé	31.658.672

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki, lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og reglur um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2022 og rekstrarafkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2022.

Stjórn félagsins leggur fram tillögu um að ekki verði greiddur arður vegna rekstrarársins 2022. Að öðru leyti vísar stjórn til ársreiknings um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé.

Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við. Stjórn og framkvæmdastjóri GAMMA Capital Management hf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2022 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 22.03.2023

Í stjórn félagsins:

Einar Hugi Bjarnason, stjórnarformaður

Halldór Snæland

Sigríður Mogensen

Framkvæmdastjóri:

Máni Atlason

Ársreikningur GAMMA Capital Management hf. fyrir árið 2022 er rafrænt undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í GAMMA Capital Management hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning GAMMA Capital Management hf. fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2022, efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé félagsins á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga, lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og reglur um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð GAMMA Capital Management hf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innfela skýrslu stjórnar og stjórnarháttaryfirlýsingu.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innfela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á árshlutareikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki, lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og reglur um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi GAMMA Capital Management hf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 22.03.2023

Deloitte ehf.

Pálína Árnadóttir
Endurskoðandi

Guðmundur Ingólfsson
Endurskoðandi

Ársreikningur GAMMA Capital Management hf. fyrir árið 2022 er rafrænt undirritaður af endurskoðendum.

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrartekjur			
Umsýslu- og árangurstengdar þóknanir	1	115.265	492.427
Aðrar tekjur		32.400	5.875
Fjármunatekjur	4	12.545	48.244
		<u>160.209</u>	<u>546.546</u>
Fjármagnsgjöld	4	1.831	(29.053)
		<u>162.040</u>	<u>517.493</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	2	50.904	145.174
Annar rekstrarkostnaður		71.829	96.164
		<u>122.733</u>	<u>241.338</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt		39.307	276.155
Tekjuskattur	3	(13.529)	(55.306)
Hagnaður ársins	8	<u>25.778</u>	<u>220.849</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Verðbréf með breytilegum tekjum	6	45.558	51.547
Kröfur á sjóði	5,12	629.186	1.590.182
Kröfur á tengda aðila	12	13.112	32.205
Aðrar kröfur		1.571	14.762
Kröfur samtals		643.869	1.637.149
Rekstrarfjármunir		41.377	45.177
Handbært fé		437.564	96.737
Aðrar eignir		15.172	21.551
Aðrar eignir samtals		494.113	163.465
Eignir samtals		1.183.541	1.852.161
Eigið fé			
Hlutafé	7	31.659	31.659
Yfirverðsreikningur hlutafjár		58.984	58.984
Varasjóðir		22.921	19.547
Óráðstafað eigið fé		859.096	1.482.951
Eigið fé samtals	8	972.660	1.593.141
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Tekjuskattskuldbinding	10	63.525	191.930
		63.525	191.930
Skammtímaskuldir			
Skuldir við tengd félög		1.509	21.549
Reiknaðir skattar	10	141.934	16.313
Aðrar skuldir		3.913	29.228
		147.356	67.090
Skuldir og skuldbindingar samtals		210.881	259.020
Eigið fé og skuldir samtals		1.183.541	1.852.161

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (tap) ársins	8	25.778	220.849
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Langtímakröfur og niðurfærsla, breyting		15.312 (198.698)
Áfallnir vextir og gengismunur	(12.316)	(45.778)
Aðrir liðir		13.529	55.306
		<u>42.301</u>	<u>31.680</u>
		Veltufé frá rekstri	
Breytingar rekstartengda eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, hækkun		988.089	329.009
Skammtímaskuldir, lækkun	(61.668)	(64.779)
		<u>926.420</u>	<u>264.230</u>
		Breyting rekstartengdra eigna og skulda	
		<u>968.722</u>	<u>295.910</u>
		Handbært fé frá (til) rekstrar	
Fjárfestingarhreyfingar			
Sala rekstrarfjármuna		3.800	209.988
Seld verðbréf	6	18.305	153.488
		<u>22.105</u>	<u>363.475</u>
		Fjárfestingarhreyfingar	
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður	(650.000)	0
Afborganir langtímalána		0	(616.221)
	(<u>650.000)</u>	<u>(616.221)</u>
		Fjármögnunarhreyfingar	
Breyting handbærs fjár		<u>340.827</u>	<u>43.164</u>
Handbært fé í ársbyrjun		<u>96.737</u>	<u>53.573</u>
Handbært fé í árslok		<u>437.564</u>	<u>96.737</u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Almennar upplýsingar

GAMMA Capital Management hf. er íslenskt hlutafélag með starfsemi í Reykjavík. Aðsetur þess er Katrínartún 2, 105 Reykjavík. GAMMA er rekstraraðili sérhæfðra sjóða sem starfar á grundvelli starfsleyfa frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands samkvæmt lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Félagið er dótturfélag Kvik bankka hf. og hluti af samstæðureikningi félagsins og eru upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar.

b. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur GAMMA er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og reglur um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreglu nema hvað verðbréf með breytilegum tekjum eru færð á gangvirði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

c. Matsaðferðir

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda.

Mat og undirliggjandi forsendur stjórnenda eru í stöðugri endurskoðun og eru áhrifin af breytingu á mati og forsendum færð á því tímabili sem breytingin á sér stað og á síðari tímabilum, ef breytingarnar hafa áhrif á þau.

d. Umsýsluþóknun og árangurstengdar þóknanir

Félagið fær umsýsluþóknun fyrir að annast eignastýringu og daglegan rekstur fjárfestingarsjóða og annarra sérhæfðra sjóða GAMMA. Umsýsluþóknunin reiknast sem fast hlutfall af eignum hvers sjóðs. Að auki fær félagið árangurstengdar þóknanir sem taka mið af ávöxtun sjóðanna umfram ákveðin viðmið. Árangurstengdar þóknanir eru því ekki til greiðslu fyrr en við slit sjóða (ef forsendur fyrir slíkri greiðslu eru þá fyrir hendi) og geta bæði hækkað og lækkað eftir ávöxtun sjóðanna.

e. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af kröfum, þ.m.t. af bankainnstæðum, gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum og gengisbreytingu verðbréfa. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtagjöldum og gengistapi af erlendum gjaldmiðlum.

Hagnaði og tapi vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er jafnað saman.

f. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum eru hlutdeildarskírteini í sjóðum og eru færð á síðasta skráða gengi ársins.

g. Eignarhlutur í dótturfélagi

Dótturfélög eru félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar móðurfélagið hefur vald til ákvörðunartöku um fjármál og rekstur dótturfélagsins. Eignarhlutur í dótturfélagum er færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð. Tap dótturfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd. Áhrif dótturfélagsins, GCM Advisory ehf. með aðsetur í Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, eru metin óveruleg þar sem engin rekstur er hjá félaginu og er því ekki gerður samstæðureikningur með vísan til 68. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006.

h. Kröfur á sjóði og aðrar kröfur

Kröfur á sjóði og aðrar kröfur eru færðar á nafnvirði að frádreginni áætlaðri niðurfærslu vegna krafna sem kunna að tapast.

Skýringar, frh.:

i. **Rekstrarfjármunir**

Rekstrarfjármunir félagsins eru listmunir og eru þeir færðir til eignar á kostnaðarverði. Listmunir eru ekki afskrifaðir.

j. **Handbært fé**

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum hjá innlánsstofnunum.

k. **Tekjuskattur**

Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrr í skattuppgjöri en í ársreikningi. Tekjuskattur á hagnað innifelur bæði tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning.

l. **Skuldir við lánastofnanir**

Skuldir við lánastofnanir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði. Lántökukostnaði er dreift miðað við virka vexti.

2. **Laun og launatengd gjöld**

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2022	2021
Laun	43.408	125.959
Kaupréttir	882	41
Launatengd gjöld	6.615	19.174
Laun og launatengd gjöld samtals	50.904	145.174
Fjöldi starfsmanna að meðaltali	1	5
Laun, hlunnindi og mótramlag í lífeyrissjóð stjórnenda félagsins greinast þannig:	2022	2021
Máni Atlason, framkvæmdastjóri	14.489	38.353
Einar Hugi Bjarnason, stjórnarformaður	3.394	7.491
Halldór Þór Snæland, stjórnarmaður	1.098	2.415
Sigríður Mogensen, stjórnarmaður	2.197	4.830
	21.178	53.089

Stjórn félagsins hefur samþykkt starfsreglur um kaupauka í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 388/2016. Í lok árs 2022 er engin uppsöfnuð skuldbinding vegna kaupaukakerfis. Inni í launatölum 2022 eru greiðslur vegna frestaðra kaupauka vegna starfsemi 2017 og 2018, sem félagið greiddi í kjölfar dómsniðurstöðu.

Skýringar, frh.:

3. Tekjuskattur

Virkur tekjuskattur í rekstrarreikning greinist þannig:

	2022	2021
Hagnaður (tap) reglulegrar starfsemi fyrir tekjuskatt	39.307	276.155
Tekjuskattur m.v. gildandi skatthlutfall	20,0% (7.861)	20,0% (55.231)
Ofrádráttarbær kostnaður	(0,1%) (49)	0,0% 0
Aðrir liðir	(14,3%) (5.619)	0,0% 0
	(34,4%) (13.529)	(20,0%) (55.231)

4. Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir greinast þannig:

	2022	2021
Vaxtatekjur af kröfum og bankareikningum	228	854
Gengishagnaður verðbréfaeignar	12.316	47.390
	12.545	48.244
Vaxtagjöld af vaxtaberandi skuldum	(272)	(29.053)
Gjaldmiðlahagnaður	2.103	0
Fjármagnsgjöld samtals	1.831	(29.053)
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	14.375	19.191

5. Kröfur á sjóði

Kröfur á sjóði eru annars vegar tilkomnar vegna ákvæða um árangurstengda þóknun GAMMA sem tekur mið af ávöxtun sjóðanna umfram ákveðin viðmið og hins vegar vegna fastra mánaðarlegra þóknanna. Árangurstengdar þóknunir eru ekki til greiðslu fyrr en við slit sjóða (ef forsendur fyrir slíkri greiðslu eru þá fyrir hendi) og geta bæði hækkað og lækkað eftir ávöxtun sjóðanna.

6. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréfaeign félagsins samanstendur af hlutdeildarskírteinum í sérhæfðum sjóðum að fjárhæð 414.879 þús. kr. Hlutdeildarskírteini eru metin á markaðsverði í lok tímabilsins. Breyting verðbréfaeignar greinist þannig á árinu:

	31.12.2022	31.12.2021
Staða í ársbyrjun	51.547	159.256
Keypt/Seld verðbréf	(18.305)	(153.488)
Gengisbreyting verðbréfa	12.316	45.778
Staða í árslok	45.558	51.547

Skýringar, frh.:

7. Hlutfé

Hlutfé félagsins nemur 31.659 þús. kr. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Í lok árs 2021 átti félagið eigin hlutabréf að nafnverði 2.201 þús. kr. eða 6,5% af útgefnu hlutfé, á árinu 2022 var hlutfé félagsins lækkað um sem nemur eigin bréfum félagsins.

8. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Bundnir varasjóðir			Óráðstafað eigið fé	Samtals
			Lögbundinn varasjóður	Varasjóður kaupréttar	Gangvirðis- reikningur*		
2022							
Eigið fé 1.1.2022	31.659	58.984	8.465	41	11.041	1.482.951	1.593.141
Kaupréttir				3.374		367	3.741
Greiddur arður						(650.000)	(650.000)
Afkoma ársins					0	25.778	25.778
Eigið fé 31.12.2022 ..	31.659	58.984	8.465	3.415	11.041	859.096	972.660
2021							
Eigið fé 1.1.2021	31.659	58.984	8.465	0	20.134	1.253.008	1.372.251
Kaupréttir				41			41
Afkoma ársins					(9.094)	229.943	220.849
Eigið fé 31.12.2021 ..	31.659	58.984	8.465	41	11.040	1.482.951	1.593.141

* Samkvæmt lögum um ársreikninga nr. 3/2006 skal færa matsbreytingar á fjármálagerningum tilgreindum á gangvirði við upphaflega skráningu af óráðstöfuðu eigin fé á gangvirðisreikning meðal eigin fjár sem óheimilt er að úthluta arði af, að teknu tilliti til skattaáhrifa eftir því sem við á.

9. Eiginfjárlutfall

Eiginfjárlutfall GAMMA Capital Management hf. sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 113,7% en lágmarks eiginfjárlutfall er 8,0% samkvæmt lögum. Hlutfallið reiknast þannig:

	2022	2021
Eiginfjárgrunnur samtals	972.660	1.593.141
Eiginfjárfkra skiptist þannig:		
Útlánaáætla	68.440	144.254
Eiginfjárfkra samtals	68.440	144.254
Eiginfjárfkra miðað við fastan rekstrarkostnað	32.427	60.334
Eiginfjárgrunnur umfram eiginfjárkröfu	904.220	1.448.887
Eiginfjárlutfall	113,7%	88,4%

Samkvæmt 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 skal eiginfjárgrunnur rekstrarfélaga verðbréfasjóða aldrei nema lægri fjárhæð en sem svarar til 25% af föstum rekstrarkostnaði síðasta árs.

Skýringar, frh.:

10. Tekjuskattsskuldbinding

	2022	2021
Staða í ársbyrjun	191.930	153.251
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins	13.529	55.306
Tekjuskattur til greiðslu	(141.934)	(16.628)
Staða í lok árs	63.525	191.930
Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:		
Langtímakröfur	97.170	165.458
Veltufjármunir	(34.133)	(23.944)
Rekstrarfjármunir	0	49.699
Aðrir liðir	488	718
Staða í lok árs	63.525	191.930

11. Skattamál

Tekjuskattur hefur verið reiknaður og færður til gjalda í rekstrarreikning.

12. Tengdir aðilar

Félagið skilgreinir eftirfarandi aðila sem tengda aðila: móðurfélagið Kvika banki hf., dótturfélög og hlutdeildarfélag bankans, sjóðir í rekstri GAMMA Capital Management hf. og félög í þeirra eigu.

Jafnframt eru stjórnarmenn og framkvæmdastjóri félagsins, stjórnarmenn, forstjóri og lykilstjórnendur Kvikubanka hf. (vísað til sem stjórnendur) ásamt fjölskyldumeðlimir þeirra skilgreindir sem tengdir aðilar sem og félög í þeirra eigu.

Engin óvenjuleg viðskipti voru við tengda aðila á árinu. Viðskipti við tengda aðila eru á grundvelli þjónustusamninga og eru verðlögð eins og um ótengda aðila væri að ræða.

Stöður við tengda aðila eru eftirfarandi:

	Póknana- tekjur	Vaxta- gjöld	Hlutdeildar- skirteini	Eignir	Skuldir
2022					
Sjóðir í rekstri GAMMA	115.265	0	3.942	143.337	0
Langtímakröfur á sjóði					
vegna árangurstengingar	0	0	0	485.849	0
Samstæða Kvikubanka hf.	0	0	0	68.233	143.443
Aðrir tengdir aðilar	0	0	0	13.112	0
2021					
Sjóðir í rekstri GAMMA	492.427	0	11.440	762.894	0
Langtímakröfur á sjóði					
vegna árangurstengingar	0	0	0	827.288	0
Samstæða Kvikubanka hf.	0	28.700	0	96.727	21.549
Aðrir tengdir aðilar	0	0	0	32.205	0

13. Atburðir eftir reikningsskiladag

Eftir lok reikningsskilatímabils barst félaginu stefna frá hlutdeildarskirteinishöfum í sérhæfða sjóðnum GAMMA:Anglia, þar sem krafist er viðurkenningar á bótaskyldu rekstrarfélagsins vegna reksturs sjóðsins. Að mati stjórnar félagsins eru minni líkur en meiri á að félagið verði dæmt til greiðslu bóta samkvæmt framkomnum kröfum.

Undirritunarsíða

Guðmundur Ingólfsson

Máni Atlason

Einar Hugji Bjarnason

Halldór Þór Snæland

Sigríður Mogensen